



T.ark
ARKITEKTAR

Reykjavík 12.04.2022

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags „Úlfarsárdals“ sem fengið hefur meðferð við ákvæði 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfis- og skipulagsráði þann 27.09.2017 og í borgarráði þann 3.10.2017. Höfundar þess eru VA arkitektar. Staðfest af Skipulagsstofnun 22.02.2018.

Forsendur

Í gildandi deiliskipulagi segir í greinargerð 2.1.5 að „bygging skal vera innan byggingarreits með eftirfarandi undantekningum. Einstaka byggingahlutar svo sem þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, þaksvalir og sólpallar mega skaga allt að 60 sm út fyrir byggingarreit, með tilliti til aðstæðna á lóð t.d. grenndarsjónarmiða, stæðrar líðar, fjarlægð á milli húsa o.fl., sjá einnig sérákvæði.

Breytingarlýsing

Í breytingunni er heimild gefin fyrir því að færa svalir 80 sm út fyrir byggingarreit á suðurhlíð húsanna í stað 60 sm.

Tillaga að breytingu

Í Rökkvatjörn 6-8 er heimilt að svalir á suðurhlíð hússins skagi 80 sm út fyrir byggingarreit.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni nær eingöngu til þessara lóðar.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á deiliskipulaginu.

Að öðru leiti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði
þann 29. júní 2022.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. ágúst 2022.